# HVERFISRÁÐ BREIÐHOLTS

Árið 2016, þriðjudaginn 22. nóvember, var haldinn 131. fundur hverfisráðs Breiðholts. Fundurinn var haldinn í G-sal í Gerðubergi og hófst kl. 16.15. Viðstödd voru Ilmur Kristjánsdóttir, Aðalheiður Frantzdóttir, Sigþór K. Ágústsson, Bergþór Heimir Þórðarson og Elísabet Ólöf Helgadóttir. Einnig voru mættir áheyrnarfulltrúinn Sveinn Hjörtur Guðfinnsson fyrir Framsókn og flugvallarvini, Óskar Dýrmundur Ólafsson hverfisstjóri og Arnar Snæberg Jónsson verkefnastjóri sem ritaði fundargerð.

**Þetta gerðist:**

1. Fram fer umræða um framtíðarsýn og stefnumið hverfisráðs Breiðholts sem samþykkt voru á fundi ráðsins 15. desember 2015.

2. Fram fer kynning á úttekt innri endurskoðunar Reykjavíkurborgar á þjónustumiðstöðvum og hverfisráðum. Umræður um alhliða skipulag og starf hverfisráða borgarinnar, þjónustumiðstöðvar og framþróun í hverfinu. Rætt um möguleika á ráðstefnuhaldi í samstarfi við önnur hverfisráð í þeim tilgangi að móta sameiginlega stefnu um þróun ráðanna.

   Samþykkt að halda vinnufund hverfisráðs á næstu vikum til að a) móta umsögn til innri endurskoðunar og b) fara yfir og dýpka framtíðarsýn hverfisráðsins.

   Halldór Auðar Svansson tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

**Fundi slitið kl. 17:43.**

Ilmur Kristjánsdóttir

Elísabet Ólöf Helgadóttir — Sigþór K. Ágústsson
Aðalheiður Frantzdóttir — Bergþór Heimir Þórðarson